

Stjórnarfundur ÍBA

Haldinn 5.mars 2013 kl. 16.30 að Glerárgötu 26



Fundinn sátu: Pröstur Guðjónsson, Haukur Valtýsson, Margrét Ólafsdóttir, Áslaug Kristjánsdóttir og Þóra Leifsdóttir framkvæmdastjóri.

1. Landsmót 2013

Komið er að því að stofna 4-5 manna undirbúningsnefnd fyrir þátttöku Akureyringa á Landsmótinu næsta sumar. Ákveðið var að senda bréf til aðildarfélaganna með beiðni um tilnefningu í undirbúningsnefnd.

2. Bréf og erindi

Bréf frá Kraftlyftingafélaginu með beiðni um fund um húsnæðismál.

Málið var rætt og möguleikinn að húsið við Laugagötu gæti hugsanlega verið lausn fyrir félagið. Það gæti þó ekki orðið fyrr en íþróttahús Naustaskóla verður tekið í notkun. Ákveðið var að reyna að þrýsta á þeim framkvæmdum verði framhaldið.

Bréf frá Akri með þríþættum erindum. Ósk eftir fleiri tímum fyrir bogfimi en það mál hefur verið leyst. Einnig óskað eftir útiaðstöðu fyrir bogfimi og að tryggt verði að gólf Íþróttahúss Naustaskóla yrði parketlagt þannig það myndi nýtast fyrir dansæfingar Akurs. Ákveðið var að senda bréf til ÍRA þar sem mælt er með að orðið verði við þessum beiðnum.

Bréf frá GA með ósk um tíma í Boganum. Ákveðið að senda svar með að erindið verði tekið fyrir og svarað síðar.

Bréf frá KA með beiðni um svæði fyrir tennisvöll úti og aðstöðu fyrir tennis og badminton í íþróttahúsi Naustaskóla. Ákveðið var að senda erindið til ÍRA þar sem mælt er með að verði skoðað jákvætt, bæði inni- og útiaðstaðan.

Bréf frá Ellert Erni Erlingssyni um Ánægjuvogina. Rætt var hvernig hægt sé að koma þessum upplýsingum á framfæri. Haukur athugar hvort hægt er að fá leyfi til að setja þessar upplýsingar á heimasíðu ÍBA.

Bréf frá Þorsteini Hjaltasyni með boði um fræðslu um tryggingamál og bótarétt íþróttamanna. Ákveðið var að taka því boði og leggja til að hann verði með fræðsluerindi á næsta formannafundi. Einnig var rætt að gera athugun hvort samningur, sem var eitt sinn gerður milli Akbæjar og ÍBA um tryggingar barna á æfingum, sambærilegur við tryggingu grunnskólabarna, sé enn gildur.

Haukur sagði frá aðalfundi UFA og nefndi sérstaklega erindi félagsins um félagsaðstöðu.

Bréf frá ÍSÍ um framboð til framkvæmdastjórnar.

Bréf frá ÍRA um þátttöku ÍBA í kostnaði við breytingar á húsnæði Íþróttahallar vegna flutnings GA þangað. Lagt til að endurskoða reglur um íþrótt og húsnæðisstyrki og uppfæra sem fyrst. Þóra sendir nýrri reglur til íþróttafulltrúa og ritara ÍBA til að uppfæra á heimasíðu. Erindi frá Samskip um afhendingu innkomu frá jólasendingum. Ákveðið var að formaður tæki að sér að taka við fjármununum í fjarveru gjaldkera.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 17.50

Margrét Ólafsdóttir, ritari